

Jón Prándur Stefánsson

Frá: Elliði Vignisson <ellidi@olfus.is>
Sent: föstudagur, 23. desember 2022 11:24
Til: Jón Prándur Stefánsson
Afrit: Sandra Dís Hafþórsdóttir
Efni: Byggðakvóti - Þorlákshöfn

Sæll Jón Prándur,

Á seinasta fundi bæjarráðs sem haldinn var 15. 12. sl. var svohljóðandi samþykkt gerð varðandi byggðakvóta:

5. 2212018 - Úthlutun byggðakvóta á fiskveiðiarinu 2022/2023

Fyrir bæjarráði lá erindi frá Matvælaráðuneytinu um úthlutun byggðarkvóta á fiskveiðiarinu 2022/2023. Fram kemur að Þorlákshöfn fær úthlutað 2,1% af heildarúthlutun til allra byggðalaga eða 101 tonn sem er 31 tonni meira en við seinustu úthlutun.

Bæjarráð þakkar upplýsingarnar og samþykkir að óska eftir því við Matvælaráðuneytið að úthlutun byggðakvóta verði með sama hætti og verið hefur undanfarin ár. Þannig verði 35% skipt jafnt á milli allra skipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðar nr. 665/2013 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu sem skráð voru í Þorlákshöfn og hafa almennt veiðileyfi. 65% verði úthlutað eftir lönduðum afla seinasta fiskveiðiárs.

Eins og þú sérð þá er þarna óskað eftir því að sami háttur verði hafður á við úthlutun byggðakvóta í Þorlákshöfn og undanfarin ár.

Vinsamlegast sendu mér endurgjöf með upplýsingu ef frekari upplýsinga er óskað frá Sveitarfélaginu Ölfusi eða hvort þetta telst fullnægjandi.

Kveðja
Elliði Vignisson
Bæjarstjóri